

Jafnréttisáætlun Glerárskóla 2022-2025

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 150/2020 og Jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar. Áætlunin nær annars vegar til jafnréttis kynjanna meðal starfsfólks og hins vegar meðal nemenda. Einnig verður horft til jafnréttis kynjanna í samstarfi við heimilin. Sérstök aðgerðaáætlun, önnur en sú sem hér fylgir hverjum lið fyrir sig, mun unnin af jafnréttisnefnd og sett fram á haustdögum. Aðgerðaráætluninni er ætlað að ná fram leiðréttingu á ríkjandi stöðu. Aðgerðir eru tímasettar (þar sem það á við) og ábyrgðaraðili ákveðinn.

Skilgreining á jafnrétti: Jafn réttur og sömu tækifæri einstaklinga til starfa, launa og einkalífs. Að þessu skal stefnt óháð kynferði, kynhneigð, trú, uppruna, litarhætti eða fötlun. Jafnrétti snýst því um mannréttindi og þann sjálfsagða rétt að ekki eru allir eins.

Ábyrgð og stjórnun jafnréttismála: Meginábyrgð skal vera hjá skólastjóra skólans. Skólastjóri getur þó falið öðrum stjórnendum ábyrgðina s.s. deildarstjórum og stigsstjórum. Einnig getur yfirstjórn falið einstökum starfsmönnum umsjón og eftirfylgni. Jafnréttisáætlun er líklegri til að bera árangur ef henni er fylgt eftir af sérfræðingum í jafnréttismálum. Í því sambandi má benda á Jafnréttisstofu, sem staðsett er í Háskólanum á Akureyri, sem leita má ráða hjá ef brotið er gegn áætluninni eða jafnréttislögum.

Jafnréttisnefnd Glerárskóla: Skipun þriggja aðila í jafnréttisnefnd skal miðast við haustdaga og þess gætt að kynjahlutföll séu sem jöfnust. Hlutverk jafnréttisnefndar Glerárskóla er að vinna að stefnumörkun og leiðum til þess að jafnréttismál skólans séu í góðum farvegi. Ennfremur að sjá til þess að jafnréttisáætlun samræmist aðalnámskrá.

Kynjasambætting: Úr 15. gr. jafnréttislaga

Sambættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal á

frístundaheimilum og í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks. Öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni.

Starfsfólk

Úr 4. gr. Almennt ákvæði um vinnumarkað

Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kvenna og karla innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kvenna og karla í stjórnunar- og áhrifastöðum. Úr 12. gr. jafnréttislaga

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá, sbr. þó 2. mgr. 16. gr. Við nýráðningar verður leitast við að jafna kynjahlutfallið í samræmi við mannauðsstefnu Akureyrarbæjar.

Hvernig: Gerð verði samantekt á kynjahlutfalli starfsfólks hvers skóla eftir starfsheitum. (*lóðrétt* = stjórnunarstöður og *lárétt* = aðrir starfsmenn).

Hver: Skólastjórnendur/jafnréttisnefnd í samstarfi við starfsmannabjónustu.

Hvenær: Við upphaf skólaárs, ágúst-september.

Hvernig: Í starfsauglýsingum verði vitnað til jafnréttisáætlunar skólans.

Hver: Skólastjórnendur.

Hvenær: Þegar við á.

Hvernig: Við ráðningar verði unnið í samræmi við verklagsreglur Akureyrarbæjar um ráðningar m.t.t. kynjasjónarmiða.

Hver: Skólastjórnendur.

Hvenær: Þegar við á.

Laun 6. gr. Almenn ákvæði um launajafnrétti.

Konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.

Hvernig: Launagreining verði gerð þar sem skoðuð verða grunnlaun, yfirvinnugreiðslur o.s.frv. eftir kyni og starfsheitum.

Hver: Ráðið vonast til að Sviðsstjóri Mannauðssviðs taki þetta verkefni

Hvenær: Samkvæmt ákvörðunum sviðsstjóra Mannauðssviðs sem gegnir starfi jafnréttisráðgjafa

Starfsþjálfun og endurmenntun Úr 12. gr. jafnréttislaga:

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur,

karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og

til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings

fyrir önnur störf.

Hvernig: Við gerð endurmenntunaráætlunar skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað.

Hver: Skólastjórnendur

Hvenær: Þegar við á.

Nefndir og ráð Ávallt skulu sitja hlutfallslega jafnmargar konur og karlar í öllum stýrihópum, nefndum og ráðum á vegum Glerárskóla sé því viðkomandi. Einnig skal skólinn tilnefna bæði konu og karl í hvert sinn sem hann tilnefnir í nefndir, stjórnir og ráð utan skólans. Málefnaleg rök

skulu liggja fyrir ef vikið er frá þessum markmiðum (sjá 28. gr. laga nr. 150/2020).

Hvernig: Þegar skipað er í nefndir, stýrihópa og ráð.

Hver: Skólastjórnendur.

Hvenær: Athugun í upphafi skólaárs, ágúst-september.

Samræming starfs og einkalífs Úr 13. gr. jafnréttislaga

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera starfsfólki

kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu óháð kyni. Ráðstafanir þær

skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma

þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsfólks og þarfa atvinnulífs,

þ.m.t. að starfsfólk sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna brýnna fjölskylduaðstæðna.

Hvernig: Óskir starfsfólks um sveigjanleika verði metnar eftir aðstæðum.

Hver: Skólastjórnendur.

Hvenær: Þegar við á.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni Úr 14. gr. Jafnréttislaga

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana, skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Gerðar hafa verið leiðbeiningar fyrir bæjarkerfið um viðbrögð við kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og einelti á vinnustöðum. Allt starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað um ábyrgð og færar leiðir ef upp koma tilvik sem varða kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni eða einelti.

Hvernig: Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar í starfsmannahandbók á slóðinni

<https://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/starfsmannahandbok/einelti-areitni-ofbeldi>

Hver: Skólastjórnendur.

Hvenær: Í upphafi starfsárs og þegar við á.

Nemendur

Fræðsla Úr 15. gr. jafnréttislaga frá 2020

Samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal á frístundaheimilum og í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks. Öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Grunnskólinn starfar samkvæmt markmiðum aðalnámskrár. Markmið sem lúta að kennslu í jafnréttismálum eru tilgreind í mörgum greinum og skulu kennarar taka mið af því. Skv. aðalnámskrá er jafnrétti til náms eitt grundvallarviðmið skólastarfs en það er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Í því tilliti er vert að hafa í huga að í þessu felast ekki endilega sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Á síðunum <https://jafnretti.is/>, <https://www.facebook.com/jafnrettistorg/> og <https://www.facebook.com/jafnrettistorg/> er m.a. að finna námsefni og upplýsingar sem nýtast við kennslu. Gerð verði grein fyrir jafnréttisfræðslu vetrarins í kennsluáætlunum og/eða kennsluskýrslum.

Hvernig: Unnið samkvæmt og tekið mið af aðalnámskrá sbr. ofangreinda þætti.

Hver: Kennarar.

Hvenær: Samkvæmt kennsluáætlunum og vorannar skýrslum.

Kennslu- og námsgögn Úr 15. gr. Jafnréttislaga frá 2020

Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í aðalnámskrá grunnskóla segir að við gerð námsgagna og val á þeim skuli þess gætt að taka mið af jafnrétti og mismuna ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis, kynhneigðar, búsetu, uppruna,

litarháttar, fötlunar, trúarbragða eða félagslegrar stöðu. MMS hefur útbúið gátlista, þar sem m.a. er horft til kynjasjónarmiða, sem öllum höfundum og öðrum sem vinna fyrir stofnunina er gert að hafa að leiðarljósi. Kennarar nýti sér það námsefni sem samið hefur verið út frá fyrirtöldum leiðbeiningum (sé það fyrir hendi) en gæti þess að auki að nota ekki gagnrýnislaust námsefni sem sýnir staðlaðar kynjaímyndir eða mismuna kynjunum að einhverju leyti.

Hvernig: Unnið samkvæmt og tekið mið af aðalnámskrá sbr. ofangreinda þætti.

Hver: Kennarar.

Hvenær: Þegar við á.

Náms- og starfsfræðsla Úr 23. gr. Jafnréttislaga frá 2008

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni.

Mikilvægt er að kynna nemendum af báðum kynjum möguleika á ólíkri framhaldsmenntun og störfum sem litið hefur verið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf .

Hvernig: Hér eru nefndar nokkrar leiðir sem mögulegar eru: · Atvinnukynningar í skólunum – Fólk af vinnumarkaðnum fengið til að halda stutta fyrirlestra og svara fyrirspurnum. Leitast verði við að fá fólk sem hefur valið sér óhefðbundnar leiðir m.t.t. kyns í námi og starfi. Starfamessa er haldin einu sinni á vetri og er fyrir 9. og 10. bekkjar nemendur á öllu Norðurlandi eystra. Atvinnulíf Kynningar – Nemendur fá tækifæri til að kynna sér atvinnulífið á eigin skinni. Hvatt verði til þess að nemendur prófi það sem hentar hverjum og einum burtséð frá kyni. ·

Áhugasviðsgreining – Slík greining standi til boða áður en nemandi lýkur grunnskóla. · Fyrirlestur – Félag verslunar og skrifstofufólks heldur fyrirlestur einu sinni á ári fyrir nemendur í 10. bekk.

Hver: Námsráðgjafi.

Hvenær: Dreifist á skólaárið, tengist skóladagatali og starfsáætlunum.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni Úr 14. gr. jafnréttislaga

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar

ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir

kynbundnu, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum(sjá einnig

<https://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/starfsmannahandbok/einelti-areitni-ofbeldi>) Skólastjórnendur skulu skv. lögum gera sérstakar

ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni í skólanum, hvort

heldur sem er af hálfu annarra nemenda eða starfsfólks. Fræðsla um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna verði samkvæmt

markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár. Þess skal gætt að nemendur fái þjálfun í að þekkja og tjá tilfinningar sínar og læri að virða

tilfinningar annarra óháð kyni. Efla ber umræðu um hvernig koma meg í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi. Koma skal upp vinnureglum um viðbrögð

við kynbundið ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni.

Hvernig: Unnið samkvæmt og tekið mið af aðalnámskrá sbr. ofangreinda þætti.

Hver: Kennarar og starfsmenn Félak sjá um fræðsluna. Skólastjórnendur, forvarnarráð og jafnréttisráð um að koma upp vinnureglum.

Hvenær: Samkvæmt kennsluáætlunum og þegar við á. Vinnureglur þurfa að vera til í handbók skólans sem er uppfærð á hverju hausti.

Samstarf við heimilin

Starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað í samskiptum við foreldra/forráðamenn og

gæta þess að litið sé á feður og mæður jafngild í foreldrasamstarfinu. Gæta skal þess að hvetja foreldra af báðum kynjum til þátttöku í öllu starfi sem skólinn býður upp á. Ef kynjamunur virðist á þátttöku foreldra skal leita leiða til að minnka þann mun.

Hvernig: Þegar haft er samband við heimilin skal þess gætt að hafa ekki aðeins samskipti við móður.

Hver: Allir starfsmenn skólans sem eiga samskipti við heimilin.

Hvenær: Þegar við á.

Aðgerðabundin jafnréttisáætlun Glerárskóla

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 eða fleiri starfsmenn skulu setja sér aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir þar sem fram kemur hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–23. gr. jafnréttislaga

Launajafnrétti 6. – 8. grein laga er snýr að starfsmönnum			
Markmið /Hvað?	Aðgerð/Hvernig?	Ábyrgð/Hver?	Tímarammi/Hvenær?
Að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf.	Skoða launalista, athuga yfirvinnugreiðslur og viðbótarlaun v/ákveðinna verkefna með tilliti til kyns starfsmanna. Leita leiða til leiðréttinga ef mismunur kemur í ljós	Launafulltrúi	Sjá, Jafnlaunastefnu Akureyrarbæjar https://www.akureyri.is/static/research/files/jafnlaunastefna-akureyrarbaejar_samthykkt-i-baejarradi-250822pdf
Laus störf standi bæði konum og körlum til boða. Jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum. Konur og karlar sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfspjálfun og endurmenntun.	Störf innan skólans auglýst án tillits til kynferðis, aðeins undantekning ef um þaðvörslu er að ræða. Hvetja bæði kyn til umsókna um störf. Ef um jafn hæfa einstaklinga er að ræða skal ráða það kyn sem hallar á í starfsmannahópnum. Allir starfsmenn hvattir til að sækja námskeið eða endurmenntun sem nýtist þeim í starfi. Gott upplýsingaflæði um tilboð sem berast til skólans.	Skólastjórnendur	Þegar við á

Starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.	Sveigjanleiki í starfi. Allir starfsmenn hafi kost á að minnka við sig vinnu tímabundið eða eiga kost á hlutastarfi ef fjölskylduaðstæður krefjast þess. Vinnutímarammi sveigjanlegur eins og kostur er og í samráði við starfsmenn og stjórnendur.	Skólastjórnendur	Þegar við á
Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundnu ofbeldi eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.	Starfsfólk fái fræðslu um hvað felst í kynbundnu ofbeldi eða kynferðislegri áreitni og viti hvert á að leita komi slíkt upp.	Skólastjórnendur	Árlega
<i>Skyldur grunnskólans sem menntastofnunar sbr. 15. grein jafnréttis laga</i>			
Markmið /Hvað?	Aðgerð/Hvernig?	Ábyrgð/Hver?	Tímarammi/Hvenær?
Nemendur fái fræðslu um jafnréttismál. Að búa nemendur undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.	Í aðalnámskrá er einn af grunnþáttum menntunar jafnrétti. Í skólanámskrá skal gerð grein fyrir hvernig hugtakið fléttast inn í kennslu allra námsgreina. Allir nemendur taki jafnan þátt í öllum þeim verkefnum sem unnin eru innan skólans án tillits til kynferðis. Fjölbreytt kennsla og viðfangsefni sem höfða jafnt til allra einstaklinga óháð kyni.	Kennarar	Allt skólaárið

Að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum.	Skoða með gagnrýni kennslu- og námsgögn sem notuð eru í skólanum með tilliti til jafnréttissjónarmiða, mismununar kynja og staðalímynda.	Kennarar	Allt skólaárið
Í námsráðgjöf og starfsfræðslu fái nemendur fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf	Gæta þess að hæfni einstaklinga óháð kyni sé höfð að leiðarljósi þegar rætt er um nám og störf fólks í samfélaginu. Í umræðum sem geta skapast um framhaldsnám og/eða atvinnuþátttöku skal jafnréttissjónarmiða gætt í hvívetna.	Allt starfsfólk skólans	Allt skólaárið
Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi eða kynferðislegri áreitni í skólanum.	Nýta það námsefni og utanaðkomandi fræðslu sem í boði er um kynbundið eða kynferðislegt ofbeldi eftir því sem við á með tilliti til aldurs og þroska nemenda skólans. Fylgjast vel með orðræðu nemenda og stöðva allt óviðeigandi tal þar sem hallar á annað kynið. Nýta bekkjarfundi í þágu jafnréttis.	Allt starfsfólk	Allt skólaárið
Að foreldrar/forráðamenn taki jafnan þátt í skólastarfinu. Starfsfólk skólans útiloki ekki annað foreldrið á grundvelli kyns.	Allar upplýsingar um atburði innan skólans og þátttöku í viðburðum og eða samtölum berist báðum foreldrum/forráðamönnum nemenda. Skoða póstlista foreldra í Mentor.	Kennarar / skólastjórnendur Deildarstjórar / ritari	Allt skólaárið Að hausti

Nemendur hafi jöfn tækifæri til leikja á skólalóð	Skoða leiksvæðin og kynjaskiptingu í leikjum barna á lóðinni. Ræða á bekkjarfundum. Leita lausna og hugmynda með nemendum.	Allir starfsmenn	Allt skólaárið
---	--	------------------	----------------

Aðrar upplýsingar:

Gæðaskjöl jafnlaunastjórnunarkerfisins er að finna á slóðinni

<https://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/kjaramal/jafnlaunastjornun/jafnlaunastjornunarkerfi-gaedaskjol>. Síðan er læst en lykilorðið er: JLG_2022. Á þeirri síðu er einnig að finna samantekt á niðurstöðum launagreiningar 2022 og stöðu jafnlaunaviðmiða en slóð á þau gögn er opin.

Upplýsingar um jafnlaunastefnu (ensku og öðrum tungumálum), tengil á mannréttindastefnu og ábendingarhnapp eru eftir sem áður á slóðinni (ensku og öðrum tungumálum) (ensku og öðrum tungumálum) <https://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/moya/news/jafnlaunastjornun>.